

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málínu nr. M-54/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur sá er lýst er í álitsbeiðni er við fyrirtækið Y og varðar tilraunir álitsbeiðanda til að segja upp heimasímaþjónustu sem hann keypti af seljanda.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Pað er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á símaþjónustu af fjarskiptafyrirtæki. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverrar þjónustu löginn ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir.

Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er ljóst að kaup á þjónustu fjarskiptafyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalöginn og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kærunefndin telur rétt að benda á að ekki er útilokað að ágreiningur aðila falli undir lög nr. 81/2003 um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd þeirra laga sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

III Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir